

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2014**

167-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 58. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 233/2012) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„59. **32013 D 0503**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki (Stjtíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/503/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.